

Theódór Skúli Sigurðsson  
formaður Félags sjúkráhlækna



## Samtöl um áherslur og aðgerðir í heilbrigðismálum á Íslandi

Athygli vakti sumarið 2021 þegar 1000 íslenskir lækningar kröfðust, með undirskriftum sínum og fordæmalausri áskorun til stjórnvalda, aðgerða í heilbrigðismálum þjóðarinnar. Í áskorun sinni kröfðust lækarnir úrbóta í öldrunarmálum, lausna á vanda Landspítala, stuðnings við heilsugæsluna, samninga við stofulækna, endurskoðun á réttarstöðu heilbrigðisstarfsfólks og aukins samráðs í tengslum við kerfisbreytingar í heilbrigðiskerfinu.

Alvarlegir breistir íslenska heilbrigðiskerfisins urðu öllum ljósir í kjölfar COVID-19 heimsfaraldursins, þegar aflétting samfélagslegra takmarkana fór á endanum að snúast um að verja heilbrigðisstofnanir. Andvaraleysi stjórnvalda í heilbrigðismálum var búið að vera slíkt, þrátt fyrir endurteknar viðvaranir um alvarlega stöðu, að á endanum vaknaði sofandi risi af værum blundi. Risinn, var ný kynslóð samstiga lækna í forystu Læknafélags Íslands, sem hefur látið hressilega í sér heyra síðustu misseri. Í hundruðum blaðagreina og viðtala hafa lækningar rætt staðreyndir og lagt fram lausnir sem núna enduróma í almennri umræðu ásamt kröfu um tafarlaugar úrbætur í heilbrigðismálum.

### Hverju hefur sterkari tónn frá Lí skilað?

Í amstri hins daglega lífs inni á heilbrigðisstofnunum, er skiljanlegt að margir upplifi alltof litlar breytingar, þrátt fyrir loforð og aðgerðir til úrbóta. Stöðnun íslenska heilbrigðiskerfisins var algjör og hefur tekið nokkurn tíma að ryðja gömlum hindrunum úr vegi. Nýr heilbrigðisráðherra hefur tekið við stjórnartaumunum í heilbrigðisráðuneytinu og strax má greina breytt viðhorf og raunverulegar aðgerðir, þar sem Læknafélagi Íslands mæta nú opnir armar í stað lokaðra dyra. Afraksturinn er sá að Læknafélag Íslands á í dag

fulltrúa í fjölmörgum starfshópum sem vinna ötullega að úrbótum í þeim málum sem lækningar settu á oddinn í áskorun sinni til stjórnvalda. Fyrirsagnir í fjölmíðlum munu ekki marka sporin, heldur mikil vinna og samtöl á bakvið tjöldin.

Félag sjúkráhlækna heldur ótrautt áfram að beita sér fyrir bættu starfs- umhverfi lækna á Íslandi. Á næstu mánuðum lýkur vinnu við endurskoðun á réttarstöðu heilbrigðisstarfsmanna, stofnun trúnaðarmannakerfis, mat á læknamönnun til framtíðar og mótun nýs vinnuskipulags lækna á Landspítala.

### Öldrunarmál ættu að vera í algjörum forgangi

Íslenska þjóðin er að eldast hraðar en heilbrigðiskerfið ræður við og endurspeglast það helst í sligandi fráflæðisvanda Landspítala. Léleg nýting Framkvæmdasjóðs aldaðra í þágu uppbyggingar í öldrunarmálum árin eftir fjármálahrunið þolir illa skoðun og skýrir að hluta alvarlegan skort hjúkrunarrymi í dag. Aldraðir eru í gíslingu sveitarfélaga og stjórnvalda, þar sem báðum aðilum hentar ágætlega framtaksleysi og skortur á framtíðarsýn af sparnaðarástæðum. Alvöru þrýsting vantar á sveitarfélög sem halda áfram að vanrækja skyldur sínar, í uppbyggingu þjónusturræða fyrir aldraða. Tímabært er að taka upp dagsektir að erlendri fyrirmynd, gegn sveitarfélögum sem ekki taka strax við öldruðum í viðeigandi hjúkrunarrymi eftir að hafa lokið meðferð á heilbrigðisstofnunum.

### Framtíð ríkisstjórnarinnar er í húfi – standið ykkur eða við skiptum ykkur út!

Í dag er komið að ögurstund íslenska heilbrigðiskerfisins og núverandi ríkisstjórnar.

Sorgleg innkoma Vinstri grænna í heilbrigðisráðuneytið olli talsverðum

töfum á nauðsynlegum aðgerðum innan heilbrigðiskerfisins. Falskur söngur eins þaulsætnasta fjármálaráðherra Íslands-sögunnar í skugga verðandi fjárlaga um fjármögnun Landspítala og fjármálalæsi hjálpaði ekkert í holskeflu veikinda sem dundu yfir þjóðina um áramótin. Í taktlausum bakröddum Valhallarkórsins heyrast svo ítrekað villandi ranghugmyndir bitlingafólksins um kaup og kjör heilbrigðisstarfsmanna.

Fjárlögin árið 2024 verða fyrstu alvöru fjárlög Willums Þórs Þórssonar heilbrigðisráðherra, eftir að hafa sett sig inn í nýjan málaflokk, óbundinn af hömlum og skilyrðum fyrrum heilbrigðisráðherra. Snúa þarf við áratuga óheillaþróun og vanfjármögnun heilbrigðiskerfisins í eitt skipti fyrir öll. Við þurfum þjóðarsátt um sannkölluð „Heilbrigðisfjárlög“ með skýrri stefnumörkun um uppbyggingu í heilbrigðismálum.

Stjórnmalámennt Íslands þurfa að læra að treysta læknum, taka samtalið og hlusta á góð ráð.



### Stjórn Læknafélags Íslands

Steinn Þórðardóttir formaður

Félag almennra lækna

Þórdís Þorkeldsdóttir

Sólveig Bjarnadóttir

Félag íslenskra heimilislækna

Margrét Ólafía Tómasdóttir

Oddur Steinarsson

Félag sjúkráhlækna

Theódór Skúli Sigurðsson

Magdalena Ásgeirsdóttir

Læknafélag Reykjavíkur

Ragnar Freyr Ingvársson

Katrín Ragna Kemp